

Þorraprællinn 1866

Höf: Kristján Jónsson fjallaskáld

Nú er frost á Fróni,
frýs í æðum blóð,
kveður kuldaljóð
Kári í jötunmóð.
Yfir laxalóni
liggur klakapil,
hlær við hríðarbyl
hamragil.
Mararbára blá
brotnar þung og há
unnarsteinum á,
yggld og grett á brá.
Yfir aflatjóni
æðrast skipstjórinn,
harmar hlutinn sinn
hásetinn.

Horfir á heyjaforðann
hryggur búandinn:
„Minnkar stabbinn minn,
magnast harðindin. –
Nú er hann enn á norðan,
næðir kuldaél,
yfir móa og mel
myrkt sem hel.“
Bóndans býli á
björtum þeytir snjá,
hjúin döpur hjá
honum sitja þá.
Hvítleit hringaskorðan
huggar manninn trautt;
Brátt er búrið autt,
búíð snautt.

Þögull Þorri heyrir
þetta harmakvein
gefur grið ei nein,
glíkur hörðum stein,
engri skepnu eirir,
alla fjær og nær
kuldaklónum slær
og kalt við hlær:
„Bóndi minn, þitt bú
betur stunda þú.
Hugarhrelling sú,
er hart þér þjakar nú,
þá mun hverfa, en fleiri
höpp þér falla í skaut.
Senn er sigruð þraut,
ég svíf á braut“.

Orðskýringar:

Frón = gamalt nafn fyrir Ísland
kveður kuldaljóð = býr til kuldalegt ljóð
Kári = vindurinn
Jötunmóð = eins og tröll
Klakapil = ísilagður sjór
Mararbára = alda á sjónum
Unnarsteinum = steinar sem öldurnar skella á
Yggld og grett á brá = úfin alda
Aflatjón = þegar ekki veiðist fiskur
æðrast = kvarta
harmar = sér eftir
hlutinn = launin fyrir vinnuna
háseti = verkamaður á skipi

heyjaforði = hey sem er safnað um sumarið fyrir
dýrin að borða á veturna
hryggur = leiður
búandinn = bóndinn
stabbinn = hey sem er búíð að hlaða upp
harðindin = erfiðleikarnir
hel = helvíti
snjá = snjór
hjúin = vinnufólkið
döpur = leið
hringaskorðan = ??
trautt = ekki
búr = matargeymslan
autt = tóm
búíð = bóndabærinn
snautt = fátækt

Þögull = segir ekkert (að þegja)
Þorri = gamalt mánaðaheiti
harmakvein = hávært kvart
grið = loforð um að gera ekki árás
glíkur = líkur / líkist
engri skepnu eirir = lætur ekkert dýr í friði
kalt við hlær = hlær kuldalega
stunda = hugsa um / sinna
hugarhrelling = skelfilegar hugsanir
er hart þér þjakar nú = sem eru erfiðar núna
höpp þér falla í skaut = þú verður aftur heppinn
Senn er sigruð = bráðum sigrast þú á þessu
þraut = erfiði
braut = í burtu